

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2000

frá 4. febrúar 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/1999 frá 17. desember 1999⁽²⁾.
- 3) Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilgangurinn með tilskipun ráðsins 1999/36/EB skal vera að auka öryggi með tilliti til færanlegs þrýstibúnaðar og að tryggja frjálsan flutning slíks búnaðar og því skal fella hana bæði inn í II. og XIII. viðauka við samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 74.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB) í VIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„6b. **399 L 0036:** Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20).“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„17f. **399 L 0036:** Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20).“

3. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42c. **399 L 0036:** Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20).“

4. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 1999/36/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

